



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/498
komudagur 5.12.2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 03.12.2003

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignaskatt, 91. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignaskatt, 91. mál.

Að undanfögnu hefur Alþýðusambandið í góðri samvinnu við fulltrúa almannaheillasamtaka og sérfræðinga, unnið að skoðun á ýmsum þáttum velferðarkerfisins og lagt fram tillögur til úrbóta.

Hópur fólks býr við ákaflega kröpp kjör. Þeir sem búa við kröppust kjörin leita gjarnan eftir aðstoð frá sveitarfélögum. Því skoðaði Alþýðusambandið upplýsingar um veitta fjárhagsaðstoð á árinu 2002 í sex stórum sveitarfélögum, Reykjavíkurborg, Kópavogi, Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Árborg og Akureyri. Ekki var um tæmandi úttekt að ræða á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga í heild, en gera má ráð fyrir að þessi sveitarfélög gefi nokkuð raunsanna mynd af stöðunni, a.m.k. í þéttbýli.

Við skoðun á upplýsingunum frá umræddum sveitarfélögum kemur eftirfarandi fram:

- Í þessum sex sveitarfélögum fengu 5.493 fjölskyldna/heimila fjárhagsaðstoð.
- Greint eftir atvinnustöðu kemur í ljós að stærsti hópurinn eru atvinnulausir eða 42% þeirra sem fá fjárhagsaðstoð.
- Greint eftir hjúskaparstöðu kemur í ljós að einhleypir karlar eru fjölmennasti hópurinn eða 37% en einstæðar mæður næst stærsti hópurinn eða 32%.
- Greint eftir aldri kemur í ljós að yngra fólk þarf helst á fjárhagsaðstoð að halda.

Vísbendingar eru um að fjárhagsaðstoð sé veitt í skamman tíma eða í 1-2 mánuði. Slíkt þarf ekki að koma á óvart, þar sem

fjárhagsaðstoðin er hugsuð sem bráðaaðstoð fyrir fólk sem mætir tímabundnum erfiðleikum eða til að aðstoða fólk við að vinna sig út úr erfiðleikum.

Alþýðusambandið telur mikilvægt að styrkja stöðu þess fólks sem þarf að nýta sér fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Þeir hópar sem njóta aðstoðarinnar standa mjög höllum fæti en oftast er ekki um tímabundið ástand að ræða. Því eru sterk rök fyrir því að ekki sé greiddur skattur af styrkjum sem greiddir eru í formi fjárhagsaðstoðar frá sveitarfélögum.

Alþýðusamband Íslands mælir því með samþykkt frumvarpsins.

F.h. Alþýðusambands Íslands



Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ